



Alþingi
Erindi nr. P 133/532
komudagur 4.12.2006

4. desember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 24. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um framvarp til laga um ársreikninga, 302. mál, vanskil á ársreikningi.

Seðlabankinn ræður ekki yfir sérþekkingu á gerð ársreikninga en vill þó minna á umsögn veitta á 131. löggjafarþingi, 480. mál, þar sem bent var á að óhagkvæmt geti reynst að skipta eftirliti með reikningsskilum skráðra félaga milli Fjármálaeftirlitsins og Ársreikningaskrár. Seðlabanki Íslands telur bæði hagkvæmara og markvissara að eftirlitið væri á einni hendi, þ.e. hjá Fjármálaeftirlitinu.

Í umsögninni segir:

„Seðlabankinn telur eðlilegt og rökrétt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga sem þegar sæta eftirliti af þess hálfu á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Bankinn leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði að auki falið eftirlit með reikningsskilum allra annarra skráðra félaga og félaga sem kunna að kjósa að nýta sér heimild til beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Óhjákvæmilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi innan sinna raða starfsfólk með sérþekkingu á sviði reikningsskila og alþjóðlegra reikningsskila- staðla (IFRS staðla). Óhagkvæmt og kostnaðarsamt er að áskilja að vegna eftirlits með reikningsskilum þurfi sú sérfræðipækning einnig að vera til staðar í annarri ríkisstofnun, Ársreikningaskrá. Fjármálaeftir- litið er aðili að og tekur þátt í störfum CESR (e. Committee of European Securities Regulators) en hlutverk nefndarinnar lýtur m.a. að mótun sameiginlegrar stefnu ESB landanna við að framfylgja alþjóð- legum reikningsskilastöðlum. Einnig má benda á hættu á að mismun- andi aðferðum verði beitt við eftirlitið og að viðbrögð við brotum verði ólík þegar tvær stofnanir sjá um eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga.”

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS